



Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Austurvegi 65a, 800 Selfoss

kt. 4802840549 - Sími: 480 8250
Netfang: hsl@hsl.is

STARFSLEYFI

Gljúfurbústaðir ehf

Orlofshúsasvæði án veitingasölu

Gljúfri

fastanr.: F2254993, F2254994, F2257282, F2257283,
F2259144, F2259145, F2259148, F2266622

816 Ölfus

Nafn og kt. rekstraraðila: **Gljúfurbústaðir ehf., kt. 7105013350**
Heimilisfang: **Gljúfri, 816**

Útgáfudagur: 26. mars 2019

Gildir til: 26. mars 2031

Endurúttekið 8. desember 2025

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:

Fyrir gististað Gljúfurbústaða ehf. og öryggis- og umgegnisreglur fyrir heita potta við frístundahús, dags. 8. desember 2025

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynna með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Selfossi, 8. desember 2025

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri

1903054HS

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR GISTISTAÐ

Gljúfurbústaða ehf.

7105013350

Gljúfri, 816 Ölfus

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

1.1	Skilyrði þessi gilda fyrir gistiskála Gljúfurbústaða ehf. - F2254993, F2254994, F2257282, F2257283, F2259144, F2259145, F2259148, F2266622 að Gljúfri, 816 Ölfusi
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðis. Á starfsleyfisumsókn skal koma fram fasteignanúmer fasteignar og eigandi/eigendur.
1.3	Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
1.4	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
1.5	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.
1.6	Hundum, köttum eða öðrum dýrum má ekki hleypa inn í húsrýmið, undanskyldir eru hjálparhundar fatlaðra.

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

2.1	Húsnæði skal vera vel viðhaldið.
2.2	Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni snyrtingu og baðaðstöðu. Ekki skulu fleiri en tíu manns um hverja fullbúna baðaðstöðu.
2.3	Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætt á húðbruna almenns notanda. Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns í samræmi við 14.5.10.gr byggingarreglugerðar.

2.4	Gistingin getur verið ýmist í svefnskálum eða herbergjum með eða án rúmfata. Svefndýnur skulu vera útbúnar þannig að mögulegt sé að þrifa þær.
2.5	Eldhús og matsalur skal vera til staðar fyrir gesti með a.m.k. lágmarksútbúnaði til eldunar og til að matast.
2.6	Rúm skulu vera a.m.k. 2*0,9 m fyrir einn gest og 2*1,4 m fyrir tvo. Næturvarsla skal vera eða aðgangur að síma og þá skal neyðarnúmer 112 vera sýnilegt á áberandi stað.
2.7	Loftræstikerfi skal viðhaldið og hreinsað reglulega. Viðhaldsbók fyrir kerfið skal vera til staðar.
2.8	Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera ræstilaug og nægilegt geymslurými fyrir ræstiáhöld og efnavöru.
2.9	Þar sem laugar og/eða baðstofur eru til staðar fyrir gesti skulu merkingar og öryggis- og umgengisreglur vera til staðar.
2.10	Um aðbúnað að öðru leyti er vísað í lög og reglugerðir um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
2.11	Fasteignir Gljúfurbústaða að Gljúfri F2254993, F2254994, F2257282, F2257283, F2259144, F2259145, F2259148, F2266622 eru undanþegnar ákvæði 2. mgr. 25. gr. reglugerðar um hollustuhætti, er varðar lofthæð svefnrýmis, í svo langan tíma sem starfsleyfi umsækjanda mun gilda skv. bréfi URN dagsett 19. september. 2025, URN25070069.

3. HREINLÆTI OG ÞRIF

3.1	Gæta skal fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku. Allur búnaður skal vera hreinn og heill.
3.2	Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin fyrir nýja viðskiptavini. Til staðar skal vera skrifleg hreinlætisáætlun. Allsherjarhreingerningu og málun skal fara fram eftir þörfum.
3.3	Ávallt skal skipta á rúmfatnaði, handklæðum og öðrum hreinlætisbúnaði áður en nýjum viðskiptavini er vísað til gistiherbergis.
3.4	Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
3.5	Þvottur skal þvegin við fullnægjandi aðstæður sem viðkomandi heilbrigðisnefnd samþykkir.
3.6	Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir.

4. MATVÆLI

- | | |
|-----|---|
| 4.1 | Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. |
|-----|---|

5. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

- | | |
|----|--|
| a. | Lyf og hættuleg efni skulu geymd þar sem börn ná ekki til. |
|----|--|

6. LÓÐ OG UMHVERFISMÁL

- | | |
|----|--|
| a. | Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið. |
| b. | Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á. |
| c. | Fara skal að ákvæðum reglugerðar um meðhöndlun seyru |
| d. | Sorpílát skulu vera fullnægjandi, heil, hrein og meindýraheld. |

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 903/2024, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2003, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru, lögum nr. 6/2002 um tobaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 103/2010 um hollustuhætti matvæla, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Flokkun gististaða sbr. lög nr. 85/2007 og reglugerð nr. 1227/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald:

- Flokkur II, III eða IV Gististaður án veitinga, Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum, Gististaður með áfengisveitingum : Gistiskáli (m.a.hostel).

Selfossi, 8. desember 2025

Fh. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


María Berg Guðnadóttir, heilbrigðisfulltrúi

Öryggis- og umgengnisreglur fyrir heita potta við frístundahús

Öryggisreglur sem rekstraraðili setur til að stuðla að öryggi gesta sinna skulu vera til staðar og sýnilegar gestum. Í þessum reglum skal m.a. koma fram

- a. að gestir eru á eigin ábyrgð í pottinum þar sem ekki er laugargæsla á svæðinu.
- b. að börn eru á ábyrgð foreldra/forráðamanna sinna og skulu vera undir stöðugu eftirliti þeirra á meðan þau eru í pottinum.
- c. að öll meðferð áfengis og vímuefna í pottinum (og baðstofum) er óheimil. Einstaklingum undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna er ekki heimill aðgangur að honum.
- d. Mælt er til þess að tveir eða fleiri baðgestir fari saman
- e. Löng viðvera í heitum potti getur verið hættuleg.
- f. Heiti potturinn skal ávallt vera tryggilega lokaður og lok hans læst þegar hann er ekki í notkun.
- g. Í neyðartilfellum skuli hringja í 112.

Neyðarnúmer 112 skal að vera sýnilegt á skilti við pottana.

Hitastig pottanna skal vera greinilega merkt á skilti við pottana. Skal hitastig í pottunum ekki fara yfir 44°C en með tilliti til öryggis gesta er þó æskilegt að hitastig fari ekki yfir 39°C.

Umgengnisreglur eru reglur sem rekstraraðili setur til að stuðla að góðri umgengni og heilnæmi svæðisins. Í þessum reglum má t.d. koma á framfæri tilmælum um að

- a. gestir baði sig áður en þeir fari í heita pottinn,
- b. að neysla matar og drykkjar sé óheimil á meðan dvalið er í heita pottinum,

auk upplýsinga um umsjónarmann ef eitthvað er ekki eins og það á að vera og annars þess sem rekstraraðili vill koma á framfæri við gesti sína.

Útlit, leturgerð og stærð á merkingum við laugarnar séu í samræmi við öryggisleiðbeiningar UOS, sjá nánar á <https://ust.is/hringrasarhagkerfi/hollustuhaettir/sundstadir/oryggismerkingar/>

Þrif á pottum upplýsingar um hvernig þrifum á pottum/laugum er háttað skal vera sýnilegt. Fara skal eftir leiðbeiningum framleiðanda um hvernig þrifum skuli vera háttað – með notkun á efnavöru skal fara eftir leiðbeiningum framleiðanda.

Efnavara skal geymd þar sem börn ná ekki til.



Uppfært 8. des 2025

Selfossi 8. desember 2025

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

María B. Guðnadóttir
María Berg Guðnadóttir
heilbrigðisfulltrúi